



ART

og Aðalnámskrá grunnskóla

Markmið og tenging þeirra

Kolbrún Sigþórsdóttir

Hvað er ART?

- **ART** stendur fyrir **A**ggression **R**eplacement **T**raining
- **ART** er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.
- **ART** er fyrir börn, unglinga, fjölskyldur og einnig hefur það reynst áhrifaríkt fyrir einstaklinga með einhverfu og aðrar raskanir.

Í ART er unnið með:

- Félagssfærni:
 - Nemandinn fær verkfæri í hendurnar til að leysa ýmiskonar aðstæður.
 - Nemandinn lærir hvað hann á að gera í ákveðnum aðstæðum.
 - Unnið er út frá hegðun nemandans.
- Sjálfstjórn:
 - Nemandinn lærir að þekkja tilfinningar sínar.
 - Nemandinn lærir leiðir til að koma í veg fyrir að missa stjórn á sjálfum sér.
 - Unnið er út frá tilfinningum nemandans.
- Siðferðisvitund:
 - Nemendur eru þjálfaðir í að greina rétt frá röngu.
 - Unnið er í gegnum klípusögur.
 - Skotakort.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

• Sjálfsvitund –

- „... nemandi öðlist raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd... nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs.”

✧ ART

- ✧ Í siðferðishluta þess, þurfa nemendur að taka afstöðu til ýmissa mála og færa rök fyrir sinni ákvörðun. Þeir geta skipt um skoðun og færa þá rök fyrir því hvað það var sem breyttist.
- ✧ Í sjálfstjórnaræfingum fer fram mikil sjálfsskoðun. Heilbrigð og raunsæ sjálfsmynd verður til þegar einstaklingurinn kannar vel tilfinningar sínar, hæfileika og takmörk. Sjálfsmynd er styrkt þegar unnið er meðvitað í því að efla hana og styrkja í samskiptum við aðra.
- ✧ Í færniþjálfuninni er unnið með ýmsa færni eins og; að þekkja tilfinningar sínar, að bregðast við mistökum, að takast á við hópþrýsting, að bregðast við ásökunum, að setja sér markmið, sjálfstjórn, að ná samkomulagi auk fjölda annarra færniþátta sem styrkja jákvæði samskipti, hegðun og viðhorf.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

• Siðgæðisvitund

- „...nemendur efli siðferðisproska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks. Nemendur þurfa að læra að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljós. Enn fremur að læra að gera greinarmun á jákvæðu og neikvæðu hegðunarmynstri í samskiptum og bera virðingu fyrir öðrum.”

✧ ART

- ✧ Í þjálfun siðferðisvitundar sinnar eru nemendur stöðugt að vinna með klípusögur þar sem þeir setja sig í spor annarra og meta hvað er rétt og hvað er rangt og að stundum hafa aðstæður áhrif á hvert svar manns verður.
- ✧ Í sjálfstjórninni læra nemendur að sýna jákvæða hegðun, neikvæð hegðun er alltaf hunsuð.
- ✧ Í félagsfærni læra nemendur m.a. að standa á rétti sínum en um leið að virða rétt annarra til þess sama, að viðurkenna það sem vel er gert, að forðast vandræði í samskiptum, að þakka fyrir sig og margt fleira.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

• Félagsvitund, borgaravitund

- „... hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað felst í því að búa í samfélagi með öðrum. ... viðhorf og hæfni til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.”

✧ ART

- ✧ Í siðferðitímum ræða nemendur m.a. um erfiðar aðstæður sem aðrir hafa þurft að takast á við og hjálpast að að finna hvaða leiðir farsælast hefði verið að fara í viðkomandi tilfelli.
- ✧ Í sjálfsstjórnartímum velta nemendur m.a. fyrir sér hvað það er í umhverfi þeirra sem hefur áhrif á líkamleg viðbrögð, líðan og viðhorf.
- ✧ ART styður við og styrkir lýðræðislega þátttöku nemenda með þjálfun í því; að taka þátt í samræðum, að bera fram spurningu, að biðja um leyfi, að bera fram kvörtun, að takast á við þrýsting, að túlka misvísandi skilaboð, að flokka vandamálin eftir mikilvægi, að taka ákvörðun, að einbeita sér að verkefni sem og mörgu fleiru.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

• Félagfærni

- „... jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfsmynd... Börn með góða félagfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þroskuð félagfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings.”

✧ ART

- ✧ Í siðferðishlutanum eru nemendum kenndar aðferðir til að takast á við árekstra í umhverfinu og þeir æfðir í jákvæðum samskiptum sín á milli.
- ✧ Í sjálfstjórnartímum er farið í gegnum hvað það er veldur okkur vanlíðan og hvað það er sem vekur vellíðan. Á þann hátt er farið í gegnum heilbrigði og heilbrigðan lífstíl og það svo tengt við sjálfsmynd barnanna.
- ✧ Í félagfærninni styðja allir færniþættirnir (um 140) við þennan áherslupátt eins og nafnið gefur til kynna.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

• Líkamleg og andleg velferð hvers og eins

- „... að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi... Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. ... að nemendur þurfa að gera sér grein fyrir eigin ábyrgð.”

✧ ART

- ✧ Í siðferði er mikið lagt upp úr því að nemendur tjái sig um hvað þeim finnist, hver sé þeirra skoðun.
- ✧ Í sjálfstjórn velta nemendur reglulega fyrir sér spurningunni: „Hvernig hefði ég getað brugðist við á annan hátt?” eða „Hverjar hefðu afleiðingarnar verið ef ég hefði gert þetta öðruvísi?”.
- ✧ Í félagsfærninni er nemandanum ávallt gerð grein fyrir því að það er hann og hans hegðun sem skiptir máli í lífinu enda sé einfaldast fyrir hvert og eitt okkar að breyta okkar eigin hegðun frekar en annarra. Sem dæmi um færniþætti sem eiga við hér eru færnin; að standa með vini, að hefja samræður, að kynna sig, að kynna aðra manneskju, að taka þátt, að sannfæra aðra, að takast á við ótta og svo framvegis.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 37)

- **færni í að nýta íslensku í námi, leik og starfi**

- „... Leggja ber áherslu á að nemendur þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt, því ber m.a. að leggja áherslu á leikræna og listræna tjáningu og upplifun í skólastarfi.”

✧ ART

- ✧ Í siðferðistímum er mikið lagt upp úr því að nemendur tjái skoðanir sínar munnlega og noti til þess gott íslenskt mál. Nemendur æfast í að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu málefnum og þurfa þá að geta fært rök fyrir skoðun sinni.
- ✧ Þegar sjálfstjórnun er æfð er mikið farið inn á tilfinningar viðkomandi einstaklings og tilfinningar annarra.
- ✧ Í hvert skipti sem færniþáttur er æfður fer fram hlutverkaleikur enda mikilvægt að nemandinn fái að æfa sig í færninni sem tekin er fyrir í hvert sinn. Hugmyndaflug og sköpunargleði einstaklingsins fær vel notið sín í leiknum!

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

• rökhugsun og gagnrýnin hugsun

- „... skapandi hugsun og lausnaleit...nemendur þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt.... að nemendur læri að ígrunda eigin hugsanir og geri sér grein fyrir hvaða áhrif tilfinningar hafa á hugsanagang þeirra, heilbrigða dómgreind og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum.”

✧ART

- ✧Siðferðistímarnir byggjast mjög mikið á lausnaleit, nemendur vinna sig í gegnum klípusögur, taka afstöðu og rökstyðja mál sitt. Einnig fá nemendur sjálfir að skapa klípusögur, setja sig í spor þess sem er að vinna sig út úr aðstæðum.
- ✧Í sjálfstjórnartímum vinna nemendur mikið með tilfinningar sínar og hvernig á að bregðast við í nýjum/erfiðum aðstæðum.
- ✧Út frá félagsfærniþáttunum má vinna sérstaklega með þá þætti sem efla umrædda hugsun. T.d. að fara eftir fyrir mælum, að biðjast afsökunar, að hrósa sjálfum sér, að komast hjá slagsmálum og fl.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

- **frjótt, skapandi starf, verkleg færni, nýsköpun og frumkvöðlanám**

- „...að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir eru að fást við í námi sínu.... hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum....”

✧ ART

- ✧ Siðferðisþjálfun gengur mikið út á það að kryfja mál til mergjar svo að nemendur eigi betur möguleika á að greina stöðu mála.
- ✧ Sjálfstjórnin kallar á að nemendur þekki sjálfan sig, eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og sýni þá sjálfstjórn að geta haft frumkvæði.
- ✧ Þeir færniþættir sem þjálfar nemendur í þessum lið eru til dæmis; að leiðbeina, að deila einhverju, að búa sig undir erfiðar samræður, að komast að hvað olli vandamálinu og fleira.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

• jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs

- „ Bæði hugur og hönd hafa mikilvægu hlutverki að gegna... . . . ekki halla á verklegt nám... . . . Þetta á bæði við um hlutfall bóklegra og verklegra greina en einnig um vinnulag og viðfangefni innan hvernar námsgreinar... . . . ”

✧ ART

- ✧ Siðferði kallar mikið á hugsun og viðbrögð við aðstæðum.
- ✧ Í sjálfstjórn vinna nemendur oft út frá tilfinningum sínum og með því að setja sig í spor annarra í gegnum leik og hlutverk hafa þeir möguleika á að tileinka sér nýja færni eða nýja þekkingu út frá öðru en bókinni.
- ✧ Færniþættir sem leggja stoðir undir þann þátt eru til dæmis: að prófa eitthvað sem er erfitt, að biðja einhvern að leika, að hlusta, að tjá væntumþykju, að ákveða hvar hæfnin liggur og fl.

ART tímar eru tímar þar sem nemendur fá að ræða saman, leika og vera með framsögn og eru því oft á tíðum kærkomin tilbreyting frá bóklegum tímum skóladagsins.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

- **Börnum er leikur sjálfsprottin leið til náms- og þroska.**

- „...mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast.”

✧ ART

- ✧ Í siðferðitímum er mjög oft hægt að nálgast klípusögur í gegnum leik.
- ✧ Margir leikir reyna á sjálfstjórn nemenda og því er gott að æfa hana markvisst um leið og nemendur skoða sjálfan sig og þær tilfinningar sem þeir finna fyrir ef þeir eiga erfitt með sjálfa sig í leik og starfi.
- ✧ Í félagsfærnitímum er markvisst unnið út frá hlutverkaleik en einnig er lögð áhersla á að hver samverustund endi á leik. Oftast er valið á leiknum byggt á þeim færniþætti sem tekinn er fyrir í hvert skipti.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

- **Nám á að gera nemandan kleift að takast á við viðfangsefni daglegs lífs...**
 - „... og jafnframt að búa hann undir frekara nám og starf að skyldunámi loknu. Áhersla á alhliða þroska er þó ætíð í fyrirrúmi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og áhuga til menntunar og aukins þroska og tengja námið því sem nemendur þekkja heima hjá sér úr eigin nærsamfélagi og í hinum stóra heimi.”

✧ **ART**

- ✧ Mikið er lagt upp úr yfirfærslu í ART. Nemendur eru stöðugt að æfa sig heima, í skólaumhverfinu og í hinu daglega lífi í félagsfærni, siðferði og sjálfstjórn. Með hlutverkaleik eru rétt viðbrögð æfð við aðstæðum af ýmsu tagi. Þannig er reynt að tryggja að nemandi geti beitt færninni þegar og þar sem hann þarf þess.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

- **Nám á að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu.**
 - „Öll viðfangsefni þeirra eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti.”

✧ ART

- ✧ Í ART efninu er ávallt haft í huga að ná jafnt til beggja kynja. Nemendur sjálfir eru mjög virkir í tímum og því fær hver einstaklingur að velja áhugasvið út frá sjálfum sér.
- ✧ Dæmi eru um kynjaskipta ART tíma til þess að tryggja enn betur að kynin fái að njóta sín. Þetta gefst oft vel á unglíngastigi.

Áherslupættir í grunnskólalögum

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 38)

- **Námshæfni felst m.a. í hæfni til að afla þekkingar og leikni eftir margvíslegum leiðum.**
 - *„Námshæfni er undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi nemandans og felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni.”*

✧ **ART**

- ✧ Í öllum þremur hlutum ARTsins er lögð áhersla á sjálfþekkingu og -styrkingu. Nemendur eru hvattir til þess að skoða sjálfa sig og þekkja eigin styrkleika og veikleika. Styrkleikarnir eru nýttir í fjölbreyttum athöfnum ARTsins og veikleikarnir eru styrktir um leið og einstaklingurinn eflir sig almennt sem manneskja í því samfélagi sem hann lifir í.

Lykilhæfni og námsmat

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 86)

„Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda”

Námsmat

Meta þarf lykilhæfni og nær hún þvert á allar námsgreinar. Um er að ræða fimm flokka:

- Tjáning og miðlun.
- Skapandi og gagnrýnin hugsun.
- Sjálfstæði og samvinna.
- Nýting miðla og upplýsinga.
- Ábyrgð og mat á eigin námi.

Skilgreining á lykilhæfni eftir stigum:

	Unglingastig	Miðstig	Yngsta stig
Tjáning og miðlun	Tjáir hugsanir sínar, hugmyndir, skoðanir, leikni og tilfinningar á skipulegan og skýran hátt. Bregst með rökum við upplýsingum og hugmyndum, tekur þátt í rökræðum og tekur tillit til ólíkra sjónarmiða.	Tjáir hugsanir sínar, hugmyndir, skoðanir, leikni og tilfinningar á skipulegan og skýran hátt. Bregst með rökum við upplýsingum og hugmyndum, tekur þátt í rökræðum og tekur tillit til ólíkra sjónarmiða.	Tjáir hugsanir sínar, hugmyndir og skoðanir á skipulegan og skýran hátt.
ART	Nemendur tjá hugsanir og tilfinningar í gegnum hlutverkaleik. Æfa leikni og skoðanir út frá klípusögum. Unnið er mikið út frá tilfinningum í sjálfstjórn og nemendur þjálfast í að færa rök fyrir sínum skoðunum.		
Skapandi og gagnrýnin hugsun	Spyr rannsakandi spurninga, skipuleggur og endurskoðar eigin áætlun, sýnir áræðni, er gagnrýnin og dregur ályktanir. Beitir mismunandi sjónarhornum og miðlar viðfangefni á skapandi hátt.	Spyr spurninga, setur fram eigin áætlun, lærir af mistökum og getur greint milli staðreynda og skoðana með rökum. Mótar og miðlar á skapandi hátt.	Skipuleggur efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna. Lærir af mistökum, greinir milli staðreynda og skoðana. Endurskoðar úrlausnir.
ART	Nemendur eru þjálfaðir í að rökræða, koma fram og segja hvað þeim finnst. Æfingar í siðferði eru til dæmis klípusögur en þar tjá nemendur sig bæði í ræðu og riti. Einnig skapa þeir sjáfir sögur, leiki og leikþætti. Nemendur eru handleiddir í gegnum píringslista þar sem þeir fara yfir ákveðna atburði hjá sjálfum sér, greina á milli staðreynda og skoðana með rökum.		

Skilgreining á lykilhæfni eftir stigum:

	Unglingastig	Miðstig	Yngsta stig
Sjálfstæði og samvinna	Tekur frumkvæði, er sjálfstæður og ábyrgur. Nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd. Vinnur með öðrum á jákvæðan hátt. Er leiðandi og gagnrýninn, ber ábyrgð, tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.	Veit hvers til er ætlast bæði í sjálfstæðri vinnu sem og í samstarfi. Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum. Tekur leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan og jákvæðan hátt.	Fer eftir fyrirmælum, ber ábyrgð á eigin verkefnum. Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum. Getur unnið með öðrum. Tekur leiðsögn á jákvæðan hátt.
ART	Nemendur eru hvattir til að taka eigin ákvarðanir út frá klípusögum. Þeir vinna mikið í hópum og æfast í endurgjöf bæði til sjálfs síns og til annarra. Mikil sjálfsskoðun á sér stað í ART. Nemendur læra að þekkja veikleika sína og styrkleika og vinna stöðugt að því að styrkja sjálfsmynd sína.		
Nýting miðla og upplýsinga	Nýtir fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við leit upplýsinga og til stuðnings í námi sínu. Sýnir ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og er meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.	Nýtir fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við leit upplýsinga og til stuðnings í námi sínu. Sýnir ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.	Nýtir fjölbreytta miðla og hjálpartæki við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu. Sýnir ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.
ART	Í siðferðisumræðum setja nemendur sig í spor annarra, æfa sig í að hugsa um afleiðingar, sýna ábyrgð og sjálfstjórn.		

Skilgreining á lykilhæfni eftir stigum:

	Unglingastig	Miðstig	Yngsta stig
Ábyrgð og mat á eigin námi	Gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd. Setur sér raunhæf markmið. Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi.	Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. Setur sér markmið í námi og fer eftir þeim. Skipuleggur eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum.	Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi. Getur sett sér með aðstoða markmið í námi og tekur þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum.
ART	Nemendur eru æfðir í að setja sér raunhæf markmið með veikleika sína og styrkleika í huga. Þeim er gefinn tími til að ná þessum markmiðum skref fyrir skref.		

Matsviðmið í lykilhæfni við lok grunnskóla

(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 91 - 92)

„Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá.“

„Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.“

Dæmi um uppsetningu á námsmati

Ef skóli vinnur út frá skilgreiningu á lykilhæfni eftir stigum eins og áður var sýnt mætti hugsa sér uppsetningu á námsmati einhvern veginn svona:

Námssvið/ Námsgrein	Hæfni á námssviði	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnýrnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi	Umsögn / athugasemdir
Íslenska							
Stærðfræði							
Danska							
Enska							
Náttúrufræði							
...							

ART og lykilhæfni

